

**1990 nr. 21 5. maí****Lög um lögheimili**

**Tóku gildi 1. janúar 1991.** *Breytt með* l. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema l. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991), l. 35/1994 (tóku gildi 2. maí 1994), l. 145/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999), l. 65/2006 (tóku gildi 27. júní 2006), l. 149/2006 (tóku gildi 30. des. 2006), l. 67/2007 (tóku gildi 4. apríl 2007), l. 65/2010 (tóku gildi 27. júní 2010) og l. 77/2010 (tóku gildi 1. júlí 2010).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu.

□ Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómtundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.

□ Dvöl í gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistaraskóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnæði, sem jafna má til þessa, er ekki ígildi fastrar búsetu. [Sama gildir um húsnæði í skipulagðri frístundabyggð [og á skipulögðu iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði og öðru svæði innan þéttbýlis sem skipulagt er fyrir atvinnustarfsemi nema búseta sé þar heimil samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum].<sup>1)2)</sup>

□ [Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. má heimila tímabundna skráningu lögheimilis í starfsmannabústað.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/2007, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 149/2006, 1. gr.

■ **2. gr.** Hver sá sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi í sex mánuði eða lengur skal eiga lögheimili samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sá sem dvelst eða ætlar að dveljast í landinu vegna atvinnu eða náms í þrjá mánuði eða lengur má þó eiga lögheimili hér.

□ Starfsmenn sendiráða á Íslandi, sem eru erlendir ríkisborgarar, og liðsmenn Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110 19. desember 1951, eiga ekki lögheimili í landinu. Sama gildir um skyldulið þessara manna sem dvelst hér á landi og hefur ekki íslenskt ríkisfang.

■ **3. gr.** Lögheimili skal, svo framarlega sem unnt er, talið vera í tilteknu húsi við tiltekna götu eða á tilteknum stað, í nafngreindu húsi eða á sveitabæ.

□ [Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð frekari fyrirmæli um skráningu lögheimilis.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/2007, 2. gr.

■ **4. gr.** Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri en einum stað í senn.

□ Leiki vafi á því hvar telja skuli að föst búseta manns standi, t.d. vegna þess að hann hefur bækistöð í fleiri en einu sveitarfélagi, skal hann eiga lögheimili þar sem hann dvelst meiri hluta árs. Dveljist hann ekki meiri hluta árs í neinu sveitarfélagi skal hann eiga lögheimili þar sem hann stundar aðalvatvinnu sína enda hafi hann þar bækistöð. Það telst aðalvatvinnu í þessu sambandi sem gefur tvo þriðju hluta af árstekjum manns eða meira.

□ Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst getur hann átt lögheimili þar áfram enda hafi hann þar bækistöð í leyfum og taki ekki upp fasta búsetu annars staðar.

□ [Manni, sem flyst á dvalarheimili aldraðra, er heimilt í allt að 18 mánuði frá flutningi að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu í áður.]<sup>1)</sup>

□ Alþingismaðni er heimilt að eiga áfram lögheimili í því

sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður en hann varð þingmaður. Sama gildir um ráðherra.

□ Verði eigi skorið úr um fasta búsetu manns skv. 2. og 3. mgr. skal maðurinn sjálfur ákveða hvar lögheimili hans skuli vera. Geri hann það ekki ákveður [Þjóðskrá Íslands]<sup>2)</sup> það.

<sup>1)</sup> L. 35/1994, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 77/2010, 5. gr.

■ **5. gr.** Maður, sem stundar farmennsku, fiskveiðar eða flutningastarfsemi og hefur hvergi fasta búsetu skv. 1. gr., á lögheimili þar sem skip það, loftfar eða annað farartæki, sem hann starfar á, hefur aðalbækistöð sína.

■ **6. gr.** Verði eigi skorið úr um lögheimili manns samkvæmt undanfarandi ákvæðum skal hann eiga lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann síðast hefur haft þriggja mánaða samfellda dvöl sem ekki fellur undir 3. mgr. 1. gr.

■ **7. gr.** Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sína bækistöðina hvort skv. 1. gr. skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn hjóna eru hjá þeim báðum eða hjón eru barnlaus skulu þau ákveða á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður [Þjóðskrá Íslands]<sup>1)</sup> það. . . .<sup>2)</sup>

□ Hjón, sem slitid hafa samvistir, eiga sitt lögheimilið hvort. □ [[Tveir einstaklingar]<sup>3)</sup> sem eru samvistum og uppfylla, eftir því sem við á, skilyrði II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, geta fengið sambúð sína skráða í Þjóðskrá. . . .<sup>3)</sup> Fólki í skráðri sambúð á sama lögheimili og skal upphaf hennar miðað við þann dag er beiðni er lögð fram.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 77/2010, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 65/2006, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 65/2010, 11. gr.

■ **8. gr.** Barn [17 ára]<sup>1)</sup> eða yngra á sama lögheimili og foreldrar þess ef þeir búa saman, ella hjá því foreldrinu sem hefur forsjá þess. Hafi barn fasta búsetu hjá því foreldri sem ekki hefur forsjá þess skal það eiga þar lögheimili enda sé forsjáforeldri samþykkt búsetunni. Hafi forsjá barns ekki verið fallin öðru hvoru foreldranna á barnið sama lögheimili og það foreldri sem það býr hjá. Búi barn hjá hvorugu foreldra sinna á það lögheimili þar sem það hefur fasta búsetu.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um lögheimili kjörbarna og fósturbarna.

<sup>1)</sup> L. 145/1998, 1. gr.

■ **9. gr.** Sá sem dvelst erlendis við nám eða vegna veikinda getur áfram átt lögheimili hér á landi hjá skyldfólki sínu eða venslafólki eða í því sveitarfélagi þar sem hann átti lögheimili er hann fór af landi brott enda sé hann ekki skráður með fasta búsetu erlendis.

□ Íslenskur ríkisborgari, sem gegnir störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði, svo og íslenskur ríkisborgari sem er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að, á lögheimili hér á landi hjá skyldfólki sínu eða venslafólki eða í því sveitarfélagi þar sem hann átti lögheimili er hann fór af landi brott.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um skyldulið þeirra manna sem þar um ræðir og dvelst með þeim erlendis.

■ **10. gr.** Ákvæði laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum eftir því sem við á.

□ Tilkynning um að lögheimili sé að heimili annars manns verður ekki tekin til greina ef hann mótmælir því að lögheimilið sé talið hjá honum.

■ **11. gr.** [Ef vafi leikur á um lögheimili manns, er [Þjóðskrá Íslands],<sup>1)</sup> hlutaðeigandi manni eða sveitarfélagi, sem málið varðar, rétt að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli talið. Þess skal gætt að [Þjóðskrá Íslands]<sup>1)</sup> og sá

maður, sem í hlut á, eigi aðild að slíku máli, en að öðru leyti fer um málið eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 77/2010, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 19/1991, 195. gr.

■ **12. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. . . .

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Síðari málslíður 3. mgr. 1. gr. laganna raskar ekki skráningu lögheimilis í húsnæði í skipu-

lagðri frístundabyggð sem færð hefur verið í þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007 en ef viðkomandi einstaklingur eða fjölskylda hans flytur úr húsnæðinu fellur réttur til skráningar lögheimilis þar niður. Með fjölskyldu er átt við hjón, fólk í staðfestri samvist eða skráðri sambúð og ólöggráða börn þeirra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 149/2006, 2. gr.

ELDDRI ÚTGÁFA